

## Stjórnarfundur í Íþróttamiðstöðinni Verinu haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar Þriðjudaginn 22. október 2013 og hófst kl 15:00

**Mættir:** Ólafur Steinarsson, Elfa Benediktsdóttir, Vilborg Stefánsdóttir og Eyþór Jónsson

### 1. Fundarsetning.

Ólafur setti fundinn og vísaði til tillagna frá Íþróttta- og tómsundarnefnd þar sem lagt var til við sveitarstjórn að skipuð yrði stjórn yfir íþróttahúsið þar sem það væri stór kostnaðarliður í rekstri sveitarfélagsins og þyrfti athygli hvað rekstur, þjónusta og viðhald húss ræðir. Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkt á fundi sínum þann 26. september 2013 að stjórnin yrði sett á laggirnar með þremur stjórnarmönnum, einum frá Íþróttta og tómsundarnefnd einum frá Svalbarðshreppi og sveitarstjóra. Þetta er því fyrsti fundur.

### 2. Lykiltölur úr rekstri.

Tekjur af rekstri íþróttamiðstöðvarinnar í ár stefna í 9,1 milljón kr. Rekstrarkostnaður við húsið stefnir í 65 milljónir kr. Þar af er launakostnaður 14,5 milljónir kr, hiti og rafmagn 8,6 milljónir kr, og innri leiga 38,9 milljónir kr. Nettó kostnaður sveitarfélgaana af rekstri íþróttarmiðstöðvarinnar stefnir í að enda í tæpum 59 milljónum kr. á þessu ári. Áætlun gerði ráð fyrir 46 milljónum kr en árið 2012 var nettó rekstrarkostnaður 47,1M.

### 3. Viðhaldsverkefni

Komið er að nokkru viðhaldi á ýmsum hlutum í byggingunni en í ljósi rekstrarkostnaðar verður að raða niður þeim atriðum sem þarf að laga og setja á endurbótaáætlun. Ljósi kostnaðins þarf að meta síðar hvaða fjárveitingum verður hægt að veita í endurbætur á ári hverju.

Atriðin sem nefnd voru á fundinum voru eftirfarandi:

- Dúkur yfir sundlaug er ónýtur
- Leggja þarf rafmagn að 15kv ofni í sundlaugarrými
- Veggur tengibyggingar er að springa og molna
- Gera þarf við dúk ofan í laug
- Endurnýja þarf ristur við laugina
- Endurnýja þarf gólfefni í sundlaugarrými en það er einungis 2 ára gamalt að hluta
- Plast í þaki austur helmings er að eyðileggjast
- Veggir í sundlaugarsal verður að mála
- Annar heiti potturinn er svo gott sem ónýtur.
- Svalir úti eru mjög lélegar
- Útfæra þarf betra handrið ofan í laug.

Eflaust eru fleiri atrið sem þarf að skoða og verður forstöðumaður að taka saman heildar lista hið fyrsta og forgansraða atriðum. Einnig er ljóst að meta þarf kostnað við þessi verk. Búið var að fá tilboð frá Faglausnum í heildar úttekt á húsinu og kostar slík vinna 1,5M. Undanfarið hefur verið unnið að því að klára smáatriði sem þurfti að klára í þreksal og því er að mestu lokið.

#### **4. Þjónusta við íbúa**

Opnunartími sundlaugarinnar í dag er: Virka daga frá kl. 16:00-20:00 alla daga nema föstudaga en þá er opið frá kl. 15:00 – 19:00. Um helgar er sundlaugin opin frá kl. 11:00-14:00 á laugardögum.

Ákveðið var að endurmeta þjónustuna og skoða hvernig hægt væri að bæta nýtingu og opnunartíma en að sama skapi að hafa aðhald í rekstri. Sveitarstjóri lýsti því yfir ekki væri hægt að veita sömu fjármunum til reksturs íþróttamiðstöðvarinnar 2014 og því yrði að skoða alla fleti á því hvernig húsið yrði rekið á sem allra hagkvæmastan hátt.

#### **5. Næsti fundur.**

Ákveðið að halda næsta fund eftir ½ mánuð.

Fleira ekki gert

Fundi slitið um kl 16:00